


Alþingi
Erindi nr. P 132/1583
komudagur 11.4.2006



Samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Í Ólafsfirði 10. apríl 2006.


Umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu héraðsvega, mál 310.

Á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðar 6. apríl 2006 var þingsályktunartillaga um uppbyggingu héraðsvega, mál 31, tekin fyrir og rædd sbr. bréf samgöngunefndar frá 27. mars 2006.

Bæjarráð Ólafsfjarðar tekur undir meginefni þingsályktunartillögunar og ítrekar mikilvægi héraðsvega sbr. greinargerð með þingsályktuninni.

Bæjarráð Ólafsfjarðar minnir á stöðuleysi Ólafsfjarðarveggar vestri eftir að stærsti hluti hans eða frá bænum Garði að norðan að Þóroddsstöðum að sunnan, var tekinn af safnvegaskrá fyrirvaralaust. Á þeim vegakafla eru a.m.k. 2 frístundahús auk þess sem vegurinn hefur sannað mikilvægi sitt sem öryggisatriði þegar aurskriður hafa lokað bæði Múlavegi og Ólafsfjarðarvegi eystri sbr. haustið 2004. Þá má leiða líkum að því að þessi vegur verði mikilvæg flutningsleið þegar að framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng hefjast þar sem eini valkosturinn eins og er liggur eftir íbúagötturn í bænum.

Með vinsemd og virðingu,


Stefánna Þráustadóttir
Bæjarstjóri

